



Sendandi: Landssamtök skógareigenda

Til

Nefndarsvið alþingis

Umhverfis- samgöngunefnd

Selfoss 14. júní 2016

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um timbur og timburvörur.

Þingskjal nr. 1340, mál 785

Landssamtök skógareigenda (LSE) fagnar framkomnu lagafrumvarpi um timbur og timburvörur sem lagt var fram á 145. Löggjafafþingi 2015-2016.

Skógar hafa mikilvæg umhverfisáhrif og eru nauðsynlegir öllu lífi á jörðinni ekki síst mannkyninu. Skógareyðing af völdum ólöglegs skógarhöggs er stórt umhverfislegt vandamál sem grefur undan sjálfbærni í stjórnun skógræktar. Nauðsynlegt er að stemma stigum við ólöglegu skógarhöggi og markaðssetningu viðar úr slíkum skógum.

Eftirlit þarf að vera mjög virkt og kröfur um að fyrirtæki tryggi rekjanleika þess timburs sem fer á markað til að koma í veg fyrir viðskipti með timbur úr ólöglega höggnum skógum.

Mikilvægt er að þær stofnanir sem hafa umsjón með framkvæmd laganna og eftirlitsskildu hafi fjárhagslega burði til að sinna skildum sínum samkvæmt frumverpi þessu.

FH Landssamtaka skógareigenda

Hrönn Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri



Reykjavík, 13. júní 2016
Tilvísun: 201605-0208

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um timbur og timburvörur, þingskjal 1340, 785. mál.

Mannvirkjastofnun þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir tækifærið til þess að senda umsögn um frumvarp umhverfisráðherra um timbur og timburvörur sem lagt var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016. Við gerð frumvarpsins var m.a. haft samráð við Mannvirkjastofnun þar sem ráðuneytið lagði til að stofnuninni yrði falið hlutverk lögbærs stjórnvalds skv. timburreglugerð Evrópusambandsins, sem fer með eftirlit með markaðssetningu timburs og timburvara í samræmi við ákvæði laganna og reglugerðarinnar sem sett verður með stoð í þeim.

Til undirbúnings fyrirhugaðs nýs verkefnis um eftirlit með timbri og timburvörum á markaði á Íslandi sendi Mannvirkjastofnun fulltrúa til fundar við lögbær stjórnvöld samkvæmt timburreglugerð Evrópusambandsins í hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Fundurinn var haldinn vegna sameiginlegs verkefnis á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en Skógrækt ríkisins hefur haldið utan um verkefnið f.h. Íslands. Fundurinn var haldinn í Helsinki dagana 1.-2. júní sl. Eftir fundinn og nánari eftirgrennslan í kjölfarið taldi stofnunin rétt að gera eftirfarandi umsögn við frumvarp umhverfisráðherra sem til umræðu er hjá umhverfis- og samgöngunefnd.

Timbur og timburvörur eru ekki skilgreindar í umræddu frumvarpi, en í 2. gr. timburreglugerðar Evrópusambandsins sem innleidd verður með stoð þeim lögum sem frumvarpið leggur til, sbr. viðauki við reglugerðina, eru timbur og timburvörur m.a. eftirfarandi fjölbreyttir vöruflokkar að undanskildum endurunnum vörum: eldiviður, trjábolir óunnir, brautarbitar, viður sagaður eða höggvinn eftir endilöngu, flagaður eða birtur, einnig heflaður, slípaður eða endaskeyttur, yfir 6 mm að þykkt, þynnur til spónlagningar, viður samfellt unninn, spónaplötur, aspeníplötur og áþekkar plötur, trefjaplötur og áþekkar plötur úr viði, krossviður, hertur viður, viðarrámmar fyrir málverk, umbúðakassar, öskjur, grindur, hylki og áþekkar umbúðir úr viði, kapalkefli úr viði, vörubretti, kassabretti og önnur farmbretti, úr viði, skjólborð fyrir vörubretti úr viði, ámur, tunnur, ker, balar og aðrar beykisvörur og hlutar þeirra úr viði, trésmíðavörur til bygginga, pappírsmauk og pappír (að undanskildum prentuðum pappír), ýmiss viðarhúsgögn og forsmíðaðar byggingar.

Mannvirkjastofnun fer þegar með markaðseftirlit á ýmsum sviðum, m.a. með byggingarvörum, rafföngum og hættulegum efnum í rafföngum, vishönnun vöru og orkumerkingum. Við framkvæmd núverandi markaðseftirlits Mannvirkjastofnun notast stofnunin við faggiltar skoðunar- og prófunarstofur, en skoðunarhandbækur eru undirbúnar hjá stofnuninni, þar á úrvinnsla sér stað og beiting þeirra stjórnvaldsúræða sem til staðar eru ef þörf krefur. Markaðseftirlitið varðar CE merkingar og staðfestingar sérstakra eiginleika vöru og er slíkt eftirlit annars eðlis en eftirlit með uppruna innflutts timburs og hvort innflutta timburvöru megi rekja til ólöglegs skógarhöggs. Þess má einnig geta að timbur og timburvörur eru alls ekki einskorðaðar við byggingarvörur svo sem fram kemur hér að framan. Mannvirkjastofnun metur eðli eftirlits með innflutta timbri og timburvörum, eftir fundi með lögbærum stjórnvöldum annarra aðildarríkja, sem svo að ekki sé unnt að notast við skoðunarstofur heldur þurfi starfsmaður stofnunarinnar að afla sér þekkingar og reynslu við þetta sérhæfða eftirlit og framkvæma það með aðstoð stoðsviða stofnunarinnar og annarra starfsmanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Lögbær stjórnvöld skv. timburreglugerðinni á hinum Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum og öðrum ríkjum Evrópusambandsins eru ekki systurstofnanir Mannvirkjastofnunar í þeim ríkjum. Flestar stofnanirnar eru umhverfisstjórnvöld eða þau stjórnvöld sem fara með málefni skóga, sveita, veiða og matvæla. Þá hafa sum ríki falið sérstökum neytendaverndarstjórnvöldum eða markaðseftirlitsstjórnvöldum verkefnið. Þar sem Mannvirkjastofnun fer með markaðseftirlit með tilteknum vörum á markaði fellur þetta að starfsemi stofnunarinnar, en starfsmenn stofnunarinnar hafa ekki sérþekkingu á sviði umhverfisverndar eða skógarmálefna. Í frumvarpi ráðherra hefur þetta verið leyst með samráði við Skógræktina og telur Mannvirkjastofnun það vera góðs viti. Stofnunin telur þó rétt að vekja athygli á framangreindri staðreynd, að hvergi annarsstaðar fara byggingareftirlitsstjórnvöld með eftirlit með timbri og timburvörum á innri markaði Evrópusambandsins.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem nú er til umræðu kemur réttilega fram að ólöglegt skógarhögg er útbreitt vandamál á heimsvísu og eftirspurn eftir timbri og timburvörum mikil. Skógar gefa af sér mikinn umhverfislegan ávinning sem lífsnauðsynlegur er mannkyninu. Ólöglegt skógarhögg veldur skógeyðingu og hnignun skóga sem sýnt hefur verið fram á að orsaki um 20% af losun koltvísýrings í heiminum, ógnar líffræðilegri fjölbreytni, grefur undan sjálfbærri skógarstjórnun og þróun, eykur jarðvegseyðingu og getur ýtt undir veðurhamfarir og flóð. Ólöglegt skógarhögg og ósjálfbær eyðing skóga er því umhverfisvá á heimsvísu og með timburreglugerð Evrópusambandsins stefna Evrópusambandsríkin á samstarf sín á milli til þess að koma í veg fyrir að vörur úr ólöglega höggnum við fari á markað í Evrópusambandinu og berjast þannig gegn viðskiptum með ólöglega höggvin við. Reglugerðin gerir því kröfur til aðildarríkjanna að þau fylgi því eftir að fyrirtæki í þeirra ríki tryggi rekjanleika þess timburs og þeirra timburvara sem þau selja, og að þau fyrirtæki sem flytji inn timbur eða timburvörur frá ríkjum utan innri markaðarins noti kerfi áreiðanleikakannana eða eftirlitskerfi til þess að ganga úr skugga um að timbur eða timburvörur úr ólöglegu skógarhöggi séu ekki á markaði. Mest mæðir því á eftirliti aðildarríkjanna með því timbri eða þeim timburvörum sem koma fyrst inn á innri markaðinn í því ríki.

Í mati á áhrifum frumvarpsins kemur fram að umfang eftirlits á Íslandi sé talið verða óverulegt þar sem fjöldi rekstraraðila og þeirra tilfella þar sem timbur og timburvörur eru boðnar inn á innri markað Evrópska efnahagssvæðisins með Ísland sem fyrsta viðkomustað er talinn verða óverulegur. Þar sem eftirlit með þessum vörutegundum er talið falla vel að almennu reglubundnu eftirliti og fyrirkomulagi þess hjá Mannvirkjastofnun er ekki talið vera um mikla aukingu á eftirlitshlutverki stofnunarinnar og því telst þessi viðbót falla undir núverandi fjárheimilda hennar.

Mannvirkjastofnun gerir athugasemdir við framangreint mat. Stofnunin mun ekki komast hjá því að sinna þeim eftirlitsstörfum sem henni verða falin með lögunum, auk þess leiðbeiningarhlutverks sem henni verður falið skv. h. lið 5. gr. frumvarpsins. Verkefnið er sérhæft og mun krefjast þess að starfsmaður stofnunarinnar afli sér þekkingar og reynslu til starfsins. Eðli eftirlits með uppruna timburvara sem eiga sinn fyrsta viðkomustað á Íslandi er ólíkt því eftirliti sem þegar er hjá stofnunni og að öllum líkindum betur til þess fallið að starfsmaður stofnunarinnar með stuðningi stoðsviða stofnunarinnar sinni því í stað skoðunarstofa. Mikilvægt er að vera í nánú samstarfi við önnur Evrópuríki, a.m.k. hin Norðurlöndin og æskilegt er að við undirbúning eftirlits fari viðkomandi starfsmaður með í a.m.k. tvær úttektir hjá öðru ríki og sækji samráðsfundi aðildarríkjanna a.m.k. einu sinni á ári. Þetta á sér stoð í 12. gr. timburreglugerðarinnar þar sem gerð er krafa um samstarf lögbærra stjórnvalda og upplýsingaskipti aðildarríkjanna sín á milli og aðildarríkja við þriðju ríki.

Samkvæmt gögnum frá tollstjóra um innflutning timburs og timburvara fyrstu 5 mánuði yfirstandandi árs kom 24% af því magni sem flutt var inn til Íslands frá ríkjum utan innri markaðarins. Þetta er timbur eða timburvörur sem eiga sinn fyrsta viðkomustað á innri markaðinum á Íslandi, og getur það ekki talist óverulegt magn. Ríkin eru Brasilía, Kanada, Kamerún, Kína, Gana, Indónesía, Kórea, Malasía, Rússland, Úkraína, Bandaríkin og Sambía. Sum þessara ríkja teljast vera í háum áhættuflokki þar sem hætta er á að timbur sé ólöglega höggvið.



Mikilvægt er því að eftirlit með timbri og timburvörum skv. tímurreglugerðinni sé virkt og að íslensk fyrirtæki fái fræðslu og leiðsögn um það hvernig þau eigi að bera sig að við að tryggja lögmæti þess varnings sem fluttur er inn. Ef Mannvirkjastofnun fær ekki fjármagn til þess að þjálfa upp starfsfólk og sinna eftirliti og fræðslu samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru skapast hætta á því að Ísland verði ákjósanlegur staður til þess að flytja ólöglegt timbur inn á innri markað Evrópusambandsins. Mannvirkjastofnun treystir sér ekki til þess að bera ábyrgð á því.

Mannvirkjastofnun gerir ekki athugasemdir við að eftirlit skv. ákvæðum frumvarpsins verði hjá stofnuninni en alger forsenda er að verkefninu fylgi nægjanlegt fjármagn til að unnt sé að sinna því með fullnægjandi hætti. Stofnunin telur því, verði frumvarpið að lögum, þörf á auknum fjárveitingum til stofnunarinnar sem nemur kostnaði við ½ stöðugildi og ferðalög erlendis vegna fræðslu og samráðs, 1-2 ferðir á ári.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannvirkjastofnunar

Inga Þórey Óskarsdóttir
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 21. júní 2016

Skógræktin hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um timbur og timburvörur, mál 785. Lög þessi gilda um markaðssetningu á timbri og timburvörum, sbr. skilgreiningu í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað.

Skógræktin fagnar því að frumvarp þetta skuli vera lagt fram, enda mun baráttan gegn ólöglegu skógarhöggi eiga sinn þátt í átaki þjóða heims til að draga úr loftslagsbreytingum á kostnaðarvænan hátt, og draga úr líkum á eyðingu verðmætra skógarvistkerfa og ósjálfbærri skógarstjórnun.

Skógræktin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. **Skipta þarf nafni Skógræktar ríkisins út fyrir Skógræktina í öllum textanum** þar sem ný stofnun Skógræktin tekur til starfa 1. júlí 2016 skv frumvarpi þar um:
<http://www.althingi.is/altext/145/s/1447.html>
2. Lagt er til að í **3. gr. frumvarpsins: „Skilgreiningar“ verði bætt við skilgreiningu á timburvöru**. Í viðauka með Evrópureglugerðinni er þeirri skilgreiningu gerð skil og timburvörur eru m.a. eftirfarandi vöruflokkar (að undanskildum endurunnum vörum): eldiviður; óunnir trjábólir; brautarbitar; viður yfir 6 mm að þykkt, hvort heldur sagaður eða höggvinn eftir endilöngu, flagaður eða birktur, einnig heflaður, slípaður eða endaskeyttur; þynnur til spónlagningar; viður samfelld unninn; spónaplötur; aspenítplötur og áþekkar plötur; trefjaplötur og áþekkar plötur úr viði; krossviður; hertur viður; viðarrámmar fyrir málverk; umbúðakassar; öskjur; grindur; hylki og áþekkar umbúðir úr viði; kapalkefli úr viði; vörubretti, kassabretti og önnur farmbretti úr viði; skjólborð fyrir vörubretti úr viði; ámur, tunnur, ker, balar og aðrar beykisvörur og hlutar þeirra úr viði; trésmíðavörur til bygginga; pappírsmauk og pappír (að undanskildum prentuðum pappír); ýmiss viðarhúsgögn og forsmíðaðar byggingar. Lagt er til að í frumvarpinu verði vísað í viðauka með nánari skýringum sbr reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 með eftirfarandi hætti: *Timbur og timburvörur*: Timbur og timburvörur sem tilgreind eru í flokki IX og 4 kafla hjá Tollstjóraembættinu, að undanskildum timburvörum eða íhlutum í slíkum vörum sem eru

framleiddar úr timbri eða timburvörum sem hafa lokið endingartíma sínum og væri annars fargað. **Hafa verður í huga hve víðfeðm skilgreining timburvara er þegar frumvarpið er kostnaðarmetið. .**

3. Í 6. gr. laganna er hlutverk Skógræktar ríkisins (Skógræktarinnar) skilgreint með eftirfarandi hætti:

Hlutverk Skógræktar ríkisins (Skógræktarinnar) er:

- a) að veita Mannvirkjastofnun ráðgjöf á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem stofnunin hefur yfir að ráða á sviði skógræktar,
b) að rannsaka og framkvæma prófanir á timbri og timburvöru sem Mannvirkjastofnun hefur tekið sýnishorn af, óski Mannvirkjastofnun eftir því.

Brýnt er að í nýjum skógræktarlögum, sem eru í vinnslu verðir hlutverk Skógræktar ríkisins (Skógræktarinnar) sem ráðgjafaraðila á þessu sviði getið sérstaklega.

4. Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir viðskipti með við úr ólöglegu skógarhöggi og markaðssetningu timburs og timburvöru úr slíkum viði hér á landi. Brýnt er að til að lögín nái fram að ganga að vinna við ný skógræktarlög verði lokið sem fyrst og í þeim lögum verði tekið á leyfisveitingum fyrir skógarhöggi á Íslandi svo hægt verði að fara fram á alþjóðlega vottun á Íslensku timbri.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Skógræktarinnar

Akureyri, 21. júní 2016

Hallgrímur Indriðason

